

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 1. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0027
IAS

Efni: Barkastaðir í Fljótshlíð, skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags.

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi Eystra, dags. 18. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags fyrir Barkastaði í Fljótshlíð.

Stofnuð verður 37,7 ha lóð undir hótél fyrr allt að 120 gesti og tengda starfsemi á landi sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar:

Landið sem um ræðir er utan verndarsvæða en vestan við það er svæði 715 á náttúruminjaskrá, Bleiksárgljúfur og austan við það er svæði 761 á náttúruminjaskrá, Emstrur og Fjallabak. Þá er landið að hluta innan skilgreinds hættusvæðis vegna hamfaraflóða í Markarfljóti.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir á landinu: Tún og akurlendi, víðkjarrvist, víðimóavist og mosamóavist en einnig smá flákar með gulstararflóavist og starungsmýravist. Víðikjarrvist, gulstararflóavist og starungsmýravist hafa mjög hátt verndargildi.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fuglalíf svæðisins en líklegt er að spói, hrossagaukur og skógarþröstur verpi á svæðinu.

Ef af framkvæmdum verður er mikilvægt að öll mannvirki taki mið af umhverfi sínu og verði eins lítið áberandi og mögulegt er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

